

L Ö G

um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:
Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1980 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:
A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald.

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 1. gr. laganna:
97.06.01, 97.06.02 og 97.06.09.

3. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 1. gr. laganna:
92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00, 92.10.00 og 92.12.21.

4. gr.

3. gr. laganna orðist svo:
Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979, skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar, frá og með 12. september 1979.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem gildir frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2.—4. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur samkvæmt þessum málslíð. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins herra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið herra vörugjald.

5. gr.

Niðurfelling gjaldsins skv. 2. og 3. gr. þessara laga, sbr. lög nr. 74/1979, skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda

framleiðslu er að ræða, en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnunum ákvæði 3. mgr. 14. gr. l. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Ráðherra er heimilt með sama hætti og kveðið er á um í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum, að undanþiggja þar um ræddar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr.

6. gr.

Óheimilt er vegna hækkunar vörugjalds frá og með 12. september að hækka verð vörubirgða sem vörugjald hafði verið greitt af fyrir þann dag.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál og laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 102/1978.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.